UMHVERFIS STOFNUN

Eftirlitsáætlun og áherslur fyrir einnota plastvörur 2023

Júlí 2023

Efnisyfirlit

1 Inngangur 3

2 Lagaákvæði um plastvörur 4

2.1 Tegundir plasts sem heyra undir ákvæði laganna 4

2.2 Plast að hluta til eða öllu leyti 5

2.3 Bann við afhendingu burðarpoka úr plasti og við afhendingu burðarpoka án endurgjalds 5

2.4 Merkingar burðarpoka og einnota plastvara 6

2.5 Bann við að setja tilteknar plastvörur á markað 6

2.6 Afhending tiltekinna einnota plastvara 7

2.7 Gerð og samsetning einnota drykkjaríláta 8

3 Samantekt um niðurstöður eftirlits 2022 8

4 Áætlun um eftirlit með plastvörum 2023 8

4.1 Áætluð sértæk eftirlitsverkefni og vöktun á reglufylgni á gildistíma áætlunarinnar 8

4.2. Samvinna við önnur stjórnvöld 9

5 Gerð eftirlitsáætlunar 9

6 Framkvæmd eftirlits 9

6.1 Heimildir stofnunarinnar, skyldur eftirlitsþega og viðurlög 9

6.2 Framkvæmd og tegundir eftirlita 10

6.3 Samræmt eftirlit með landinu öllu 10

6.4 Markmið eftirlits 11

6.5 Birting á samantekt eftirlits 11

Eftirlitsáætlun og áherslur fyrir plastvörur - 2023
Birt 10. júlí 2023

Suðurlandsbraut 24
108 Reyjavík
Sími: 591 2000
Netfang: ust@ust.is
Veffang: www.ust.is
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

1 Inngangur

Plast er víðtækt hugtak og vísar til hóps af ólíkum efnum sem öll eiga það þó sameiginlegt að innihalda einhverja fjölliðu sem öðrum efnum kann að hafa verið bætt við. Algengast er að plast sé framleitt úr jarðolíu (hráolíu) en á síðari árum hefur framleiðsla lífplasts færst í aukana. Það er plast sem framleitt er úr lífmassa t.a.m. úr plöntum. Þó að plast sé unnið úr lífmassa getur það haft sömu eiginleika og eðli og plast sem framleitt er með hefðbundnum aðferðum. Nauðsynleg úrgangsmeðhöndlun og ýmis umhverfisvandi sem tengist plasti getur þannig verið fyrir hendi þrátt fyrir að um lífplast sé að ræða.

Þær úrgangsmeðhöndlanir sem eru í boði fyrir plast hafa sína kosti og galla. Plast sem er merkt jarðgeranlegt (*e. compostable*) er það yfirleitt einungis í iðnaðarjarðgerð undir ákveðnum þrýstingi og hita og getur því skemmt fyrir heimajarðgerð. Plast sem er merkt lífbrjótanlegt (*e. biodegradable*) veldur svipuðum skaða og hefðbundið plast ef það endar í umhverfinu þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að það myndi yfirleitt örplast og brotni ekki niður að fullu. Að auki getur slíkt plast skemmt fyrir plastendurvinnslu og á því að jafnaði að flokkast annað hvort sem lífrænn úrgangur fyrir iðnaðarmoltu eða sem almennur úrgangur. Endurvinnsla er að sami skapi vandkvæðum háð því ýmsar tegundir plasts henta illa til slíkrar vinnslu og þar að auki geta litarefni, lím og merkingar dregið úr möguleikum hvað þetta varðar.

Plast er yfirleitt mjög slitsterk og eyðist ekki heldur brotnar niður í smærri og smærri plasthluta og myndar þannig svokallað örplast. Því gæti það talist varhugavert að nota plast í einnota vörur þar sem þær eru líklegri til að enda í umhverfinu heldur en fjölnota vörur og hafa þar víðtæk neikvæð áhrif. Um 50% af öllu sjávarsorpi innan Evrópusambandsins eru einnota plastvörur[1]. Á Íslandi hefur rusl á ströndum landsins verið vaktað frá 2016 samkvæmt leiðbeiningum og aðferðarfræði OSPAR-samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins. Að ársmeðaltali er hlutfall plasts um 68% af því rusli sem týnt er í tengslum við það verkefni[2].

[1] Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið [2019] OJ L 155.Bls. 1-19.
[2] Umhverfisstofnun. Vefsíða stofnunarinnar - https://ust.is/haf-og-vatn/plastmengun/voktun-stranda/.

Árið 2019 setti Evrópusambandið (ESB) tilskipun til að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið[3]. Ákvæði úr tilskipuninni voru innleidd í íslenskan rétt með breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Markmiðið er að draga úr áhrifum af notkun plasts á umhverfi og heilsu fólks og til að vekja neytendur til umhugsunar um neyslu og umhverfisáhrif plasts. Aðgerðin telst einnig partur af hringrásarhagkerfinu þar sem verið er að draga úr notkun einnota plastvara og styðja frekar við notkun fjölnota vara[4].

Umhverfisstofnun hóf eftirlit með ákvæðum 37. gr. b., c., e. og f. í framangreindum lögum hjá heildsölum, matvöruverslunum og veitingasölum árið 2022. Fyrirkomulag eftirlits reyndist vel og er því stefnt að sömu tilhögun eftirlits fyrir 2023. Í ljósi þess að fjöldi fyrirtækja er breytilegur eftir starfssviði kann þungi eftirlitsins að lenda í vaxandi mæli á umfangsmestu starfseminni – veitingasölu – á næstu árum. Vert er að nefna að í greinargerð með frumvarpi til laganna var að auki gert ráð fyrir heildarendurskoðun á eftirlitsþörfinni fimm árum eftir gildistöku ákvæðanna[5].

Hér á eftir fer áætlun Umhverfisstofnunar um eftirlit með tilteknum plastvörum fyrir árið 2023. Lögð er sérstök áhersla á 37. gr. b., c., e. og f. í framangreindum lögum þar sem reglugerð vegna 37. gr. d. og g. er í vinnslu hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Við birtingu þessarar áætlunar hefur tilskipun (ESB) nr. 2019/904 verið tekin upp í EES-samninginn og er í gildi.

2 Lagaákvæði um plastvörur

Í X. kafla A. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er fjallað um burðarpoka og plastvörur. Hér að neðan er nánari útlistun á þeim kröfum sem gerðar eru varðandi þær einnota plastvörur sem heyra undir lögin.

2.1 Tegundir plasts sem heyra undir ákvæði laganna

Lögin gilda sama hvort tiltekin vara sé gerð úr plasti úr jarðolíu eða af lífrænum uppruna (stundum kallað lífplast). Undanskilið er plast sem er búið til úr náttúrulegum fjölliðum sem ekki hefur verið breytt með efnafræðilegum aðferðum. Fyrir skilgreiningu laganna skiptir ekki máli hvort einnota vara er lífbrjótanleg (*e. biodegradable*), endurvinnanleg (*e. recyclable*) eða moltanleg (*e. compostable*) til að ákvarða hvort efnið teljist vera plast eða ekki. Á eftirfarandi mynd má sjá dæmi um ólíkar tegundir plasts, uppruna þess og lífbrjótanleika sem heyra undir ákvæðin.

[3] Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið (íslensk þýðing).
[4] Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES-reglur, plastvörur). 2020.
[5] Sama og tilvísun nr. 4.



2.2 Plast að hluta til eða öllu leyti

Lögin gilda sama hvort tiltekin vara er gerð úr plasti að hluta til eða að öllu leyti. Ekki skiptir þá máli hvort það sé 1% plast í vörunni, 15% eða 100%. Því telst pappamál sem hefur þunna plasthúð að innan og rör húðað með plasti sem vörur úr plasti og falla undir ákvæði laganna.

2.3 Bann við afhendingu burðarpoka úr plasti og við afhendingu burðarpoka án endurgjalds

Ekki er heimilt að afhenda burðarpoka án endurgjalds á sölustöðum vara, óháð því úr hvaða efni þeir eru, og þarf gjaldið að vera sýnilegt á kassakvittun, sbr. 37. gr. b. Aukin skilyrði eru í lögunum vegna burðarpoka úr plasti, en slíkur poki er skilgreindur sem poki með eða án halda sem gerður er úr plasti. Samkvæmt 37. gr. c. er bannað að afhenda slíka burðarpoka á sölustað vara hvort sem það er gegn endurgjaldi eða ekki. Þetta ákvæði tók gildi 1. janúar 2021.

Leyfilegt er að selja burðarpoka úr plasti inni í sölurými verslana þar sem ákvæðið bannar ekki almenna sölu plastpoka heldur þá poka sem notaðir eru til þess að koma vörum heim til kaupandans[6]. Þó skal taka fram að bannið nær yfir það þegar verslanir senda vörur heim til kaupenda ef sala hefur t.a.m. farið fram á vef.

[6] Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES-reglur, burðarpokar). 2019.

2.4 Merkingar burðarpoka og einnota plastvara

Tvær kröfur eru gerðar vegna merkinga plastvara og eru þær settar fram í 37. gr. d. Önnur krafan snýr að því að burðarpokar séu merktir í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Hin krafan snýr að því að merkja skuli einnota plastvörur sem settar eru á markað með áberandi, auðlæsilegum og óafmáanlegum merkingum til að upplýsa neytendur og er nánar kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur. Skyldur vegna merkinga munu einnig eiga við tóbaksvörur og munu þær þurfa að bera viðbótarmerkingar umfram þær sem kveðið er á um í lögum um tóbaksvarnir nr. 6/2002.

Sú reglugerð sem vísað er til í 37. gr. d. er varðar merkingar hefur ekki verið sett þegar þessi áætlun er skrifuð. Þrátt fyrir að ákvæði varðandi merkingar muni byggja á tilskipun (ESB) 2019/904 mun eftirlit með þeim ekki fara fram fyrr en nákvæm útfærsla þeirra hér á landi er ljós og reglugerðin hefur öðlast gildi.

2.5 Bann við að setja tilteknar plastvörur á markað

Í 37. gr. e. er kveðið á um bann við að setja tilteknar einnota plastvörur á markað. Bannið tók gildi 3. júlí 2021. Að setja á markað er *„þegar vara er í fyrsta sinn afhent hér á landi í atvinnuskyni til dreifingar, neyslu eða notkunar, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds“* sbr. 3. gr. laganna.

Bannið tekur til 9 vörutegunda sem hér segir:

- baðmullarpinna, nema þeir falli undir lög um lækningatæki[7],
- hnífapör (gafflar, hnífar, skeiðar og matprjónar),
- diska,
- sogröra, nema þau falli undir lög um lækningatæki,
- hræripinna fyrir drykkjarvörur,
- stanga sem ætlaðar eru til að festa við blöðrur og sem halda þeim uppi, nema blöðrur séu til notkunar í iðnaði eða annarri atvinnustarfsemi og ekki ætlaðar til dreifingar til neytenda, þ.m.t. búnað á slíkar stangir,
- mataríláta úr frauðplasti, með eða án loks, sem ætluð eru undir matvæli til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar, sem er alla jafna neytt beint úr ílátinu og eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, svo sem eldunar, suðu eða hitunar, þ.m.t. matarílát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum,
- drykkjaríláta úr frauðplasti, þ.m.t. tappa þeirra og lok, og
- bolla og glös fyrir drykkjarvörur úr frauðplasti, þ.m.t. lok þeirra.

[7] Lög um lækningatæki nr. 132/2020.

Þar að auki er sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að setja á markað plastvörur sem eru niðurbrjótanlegar með oxun, hvort sem um er að ræða einnota eða fjölnota, lífbrjótanlegt eða ólífbrjótanlegt plast, og er bannið ekki takmarkað við þær 9 vörutegundir sem getið er um hér að ofan. *Plast sem er niðurbrjótanlegt með oxun* vísar til plasts sem inniheldur íblöndunarefni sem leiða til þess að með oxun sundrast plastið í öragnir eða úr verður efnafræðilegt niðurbrot, sbr. 3. gr. laganna. Talið var mikilvægt að banna sérstaklega þessa gerð plasts þar sem það brotnar ekki niður á ákjósanlegan hátt heldur stuðlar að örplastmengun í umhverfinu. Það er að auki ekki jarðgerðarhæft, hefur neikvæð áhrif á endurvinnslu á hefðbundnu plasti og skilar ekki lofuðum umhverfisávinningi[8].

2.6 Afhending tiltekinna einnota plastvara

Í 37. gr. f. er kveðið á um að á sölustöðum skuli hafa gjald sýnilegt á kassakvittun fyrir ákveðnar einnota plastvörur þar sem óheimilt er að afhenda þær án endurgjalds frá og með 3. júlí 2021. Þessi krafa á við um eftirfarandi vörutegundir:

- Bolla og og glös fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra, og
- matarílát, með eða án loks, sem ætluð eru undir matvæli til neyslu, annaðhvort á sölustað eða annars staðar, sem er alla jafna neytt beint úr ílátinu og eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, svo sem eldunar, suðu eða hitunar, en að undanskildum umbúðum sem ætlaðar eru til að vefja utan um matvæli.

Með þessari aðgerð er verið að reyna draga úr notkun á einnota matarílátum, bollum og glösum úr plasti og hvetja til fjölnota staðgöngukosta. Rannsóknir hafa sýnt fram á fælingarmátt vegna

[8] Sama og tilvísun nr. 1.

gjaldsins þar sem fólk upplifir tap við að þurfa borga fyrir umbúðirnar[9].

Í 37. gr. f. er einnig gefið svigrúm fyrir ráðherra til að leggja á frekari skyldur í tengslum við sölu eða afhendingu einnota plastvara sem og að setja töluleg markmið til að draga úr notkun þeirra með ákvæðum í reglugerð. Sem fyrr segir hefur sú reglugerð ekki verið sett.

2.7 Gerð og samsetning einnota drykkjaríláta

Ákvæði 37. gr. g. snýr að einnota plastflöskum fyrir drykkjarvörur en þær skulu vera gerðar úr endurunnu plasti að lágmarkshluta sem tilgreindur verður í reglugerð. Eftirlit með þessu ákvæði mun ekki fara fram fyrr en reglugerð þar að lútandi hefur öðlast gildi.

3 Samantekt um niðurstöður eftirlits 2022

Niðurstöður úr eftirliti 2022 leiddu í ljós að atvinnulífið er aðallega búið að skipta einnota vörum úr plasti út fyrir einnota vörur úr öðrum efniviði, þá oftast tré eða pappa. Enginn frávik fundust í eftirlitsheimsóknum hjá heildsölum og var þekking innan slíkra fyrirtækja á viðeigandi lagaákvæðum almennt góð. Í ljósi þess að heildsölur eru fyrstu viðkomustaðir einnota vara og flest fyrirtæki, svo sem verslanir og veitingasölur, reiða sig á vöruframboð sem er í boði innanlands mun þetta hafa áhrif á markaðinn í heild sinni og draga úr líkum á að ólöglegar vörur séu í umferð.

Staða markaðssetningar á einnota plastvörum sem falla undir ákvæði banns skv. 37. gr. e. er almennt í samræmi við ákvæði laganna hjá veitingasölum og matvöruverslunum. Hjá sumum matvöruverslunum gætti þó þess misskilnings að lögin giltu ekki um lífplast eða plast sem er lífbrjótanlegt, einkum hvað varðar burðarpoka.

Frávik frá endurgjaldskröfu á tilteknum einnota matar- og drykkjarílátum, sem kveðið er á um í 37. gr. f., voru því miður tíð. Sums staðar gætti misskilnings um hvað teljist einnota vara úr plasti en það er óháð því hversu hátt hlutfall vörunnar er úr plasti. Þannig telst pappamál, sem hefur örþunna plastfilmu, engu að síður vera einnota vara úr plasti og þarf gjald fyrir slíka vöru að vera til staðar á kassakvittun.

4 Áætlun um eftirlit með plastvörum 2023

Hér að neðan eru tilgreind þau verkefni sem Umhverfisstofnun setur sér varðandi eftirlit með plastvörum árið 2023 í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Nánari útlistun á gerð áætlunarinnar og framkvæmd eftirlits má finna í köflum 5 og 6.

4.1 Áætluð sértæk eftirlitsverkefni og vöktun á reglufylgni á gildistíma áætlunarinnar

1. Afhending tiltekinna einnota plastvara – gjald sýnilegt á kassakvittun
2. Bann við afhendingu á burðarpokum úr plasti
3. Bann við afhendingu á burðarpokum án endurgjalds
4. Bann við að setja tilteknar plastvörur á markað

Auk afmarkaðra verkefna í þessari áætlun er lögð áhersla á að bregðast við ábendingum um möguleg lagabrot frá öðrum stjórnvöldum, almenningi og fyrirtækjum sem og að upplýsa fyrirtæki um skyldur sínar. Einnig er lögð áhersla á samstarf þeirra sem fara með fræðslu um

[9] Skýrsla unnin fyrir framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins. Assessment of measures to reduce marine litter from single use plastics - https://ec.europa.eu/environment/pdf/waste/Study_sups.pdf. 2018.

plastmál (samangegnsoun.is) og þeirra sem koma að eftirliti.

4.2. Samvinna við önnur stjórnvöld

Umhverfisstofnun vinnur náið með öðrum stjórnvöldum á mörgum málefnasviðum. Ekki er kveðið sérstaklega á um samráð við önnur stjórnvöld vegna þessarar eftirlitsáætlunar í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun leggur engu að síður áherslu á samvinnu og upplýsingagjöf er varðar eftirlitið í samræmi við stefnu stofnunarinnar og í því skyni að gæta hagkvæmni.

5 Gerð eftirlitsáætlunar

Í 51. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir segir um eftirlitsáætlun:

> *Til framfylgdar ákvæðum laga þessara um plastvörur skal Umhverfisstofnun m.a.:*
>
> 1. *hafa samræmt eftirlit með markaðssetningu, afhendingu, merkingum og gerð og samsetningu plastvara, sbr. 37. gr. d – 37. gr. g, á landinu öllu, og*
> 2. *útbúa ár hvert áætlun um eftirlit með plastvörum, sbr. 1. tölul., sem gildir fyrir landið allt þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni í eftirliti og komið í veg fyrir tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.*

Í greinargerð segir enn fremur:

> *Lagt er til að framkvæmd eftirlitsins verði í höndum Umhverfisstofnunar. Meginmarkmið eftirlitsins verður að tryggja framkvæmd laganna og jafnræði aðila á markaði gagnvart lögunum. Eftirlitið verður bundið við tilteknar greinar laganna og gerð verður krafa um að samræmt eftirlit verði á landinu öllu, sem byggist á þar til gerðri eftirlitsáætlun. Jafnframt er gerð krafa um hagkvæmni.*
>
> *Verði frumvarpið að lög er gert ráð fyrir að eftirlit hefjist við gildistöku og að það verði umfangsmest fyrst um sinn en geti farið minnkandi eftir því sem atvinnulíf og almenningur aðlagast lögunum. Mögulegt verður að taka mið af þeirri þróun sem verður á eftirlitsþörf við gerð eftirlitsáætlunar hvers árs en til viðbótar er gert ráð fyrir að heildarendurskoðun á eftirlitsþörfinni fari fram fimm árum eftir gildistöku laganna, sbr. ákvæði laga um opinberar eftirlitsreglur.*

Í þessari áætlun er lögð áhersla á eftirlit með 37. gr. b., c., e. og f. laganna en eftirlit vegna 37. gr. d. og g. bíður þess að reglugerð með nánari kröfum og lýsingum á tilteknum ákvæðum laganna verði sett.

6 Framkvæmd eftirlits

6.1 Heimildir stofnunarinnar, skyldur eftirlitsþega og viðurlög

Í 51. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli hafa samræmt eftirlit á landinu öllu með markaðssetningu, afhendingu, merkingum og gerð og samsetningu plastvara. Í lögunum er einnig kveðið á um að eftirlitsskyldum aðilum beri að veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar og afhenda henni sýni, sem teljast nauðsynleg vegna eftirlitsins, endurgjaldslaust, sbr. 3. mgr. 62. gr. Stofnuninni er heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þ.m.t. töku sýna og myndatöku, á hvern þann stað sem lögin ná yfir og er heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu ef með þarf, sbr. 1. mgr. 62. gr. Að auki er Umhverfisstofnun heimilt að taka gjald fyrir eftirlit, eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. 1. mgr. 53. gr.

Í 63. gr. a. er Umhverfisstofnun veitt heimild til að stöðva markaðssetningu plastvöru sem uppfyllir ekki skilyrði laganna. Stofnunin getur tekið tilteknar plastvörur úr sölu eða

dreifingu eða innkallað varanlega og lagt hald á slíkar vörur. Að auki má Umhverfisstofnun krefjast þess að birgir fargi, afturkalli eða geymi viðkomandi plastvöru þar til bætt hefur verið úr ágöllum.

Í 1. mgr. 67. gr. laganna er Umhverfisstofnun veitt heimild til að leggja stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brýtur gegn ákvæðum um plastvörur, sbr. 2. mgr. 37. gr. d., 37. gr. e., 1. mgr. og 2. mgr. 37. gr. f. og 37. gr. g.

6.2 Framkvæmd og tegundir eftirlita

Framkvæmd eftirlits getur verið með ólíkum hætti eftir aðstæðum. Eftir atvikum verður *farið á eftirlitsstað* og kannað hvort viðkomandi starfsemi standist kröfur eða notast við *skrifborðseftirlit* þar sem framkvæmdin á eftirlitinu er rafræn. Í slíku eftirliti er kallað eftir upplýsingum frá skilgreindum eftirlitsþegum og þeir upplýstir um skyldur sínar í leiðinni. Eftirlit er haft með skipulögðum hætti með fyrir fram skilgreindu úrtaki en einnig í kjölfar ábendinga. Í slíku tilfelli skoðar stofnunin innihald ábendinga frá öðrum aðilum um hugsanleg lögbrot og rannsakar málið ýmist rafrænt eða með því að senda eftirlitsmann á staðinn.

Eftirlit á áætlun eru skipulögð á þann hátt að upplýsingapóstur er sendur á eftirlitsþega með ósk um samband við ábyrgan aðila innan fyrirtækisins. Í eftirliti fyllir eftirlitsaðili út gátlista sem tekur til þeirra ákvæða sem á við starfsemina sem um ræðir. Upplýsingar, athugasemdir og frávik eru skráð og unnið er úr þeim í kjölfar eftirlitsins. Niðurstöðum eftirlits eru gerð skil í eftirlitsskýrslu sem send er eftirlitsþega ásamt bréfi þar sem gerð er grein fyrir því hvort úrbóta sé þörf eða hvort málinu teljist lokið. Við úrvinnslu frávika og eftirfylgni er stuðst við stjórnsýslulög nr. 37/1993, leiðbeiningar ESB um túlkun á tilskipun ESB 2019/904 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Niðurstöður eftirlits árið 2023 auk greiningar á kostum og göllum við framkvæmd verða lagðar til grundvallar við gerð eftirlitsáætlunar fyrir árið 2024.

6.3 Samræmt eftirlit með landinu öllu

Hin rafræna eftirlitsleið hefur þann kost að hún er hagkvæm og auðveldar eftirlit á landinu öllu með samræmdum hætti. Við val á eftirlitsþegum mun Umhverfisstofnun m.a. byggja á gögnum um starfsleyfi frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til að greina hvaða starfsemi í hverjum landshluta kunni að bera skyldur skv. þeim ákvæðum sem skoða á hverju sinni. Úr slíkum gögnum má draga slembiúrtak þannig að tiltekið hlutfall mögulegra eftirlitsþega úr hverjum landshluta séu teknir til eftirlits árlega. Jafnframt er til að byrja með reynt að ná til fyrirtækja sem reka fleiri en eitt útibú og þá jafnvel á fleiri en einum landshluta. Slíkar upplýsingar eru yfirleitt aðgengilegar með almennri leit á netinu og þá á heimasíðum fyrirtækjanna.

6.4 Markmið eftirlits

Lögð er áhersla á upplýsingagjöf til eftirlitsþega um skyldur sínar til að tryggja að allir standi jafnfætis í atvinnulífinu um hvaða reglur gildi og hvaða vörur heyra þar undir. Aðal markmið eftirlitsins er að vinna með eftirlitsþegum að dvínandi notkun einnota plastvara, fá yfirlit um stöðu staðgöngulausna, fylgja eftir banni og endurgjaldsskyldu og fá beina tengingu við þá aðila sem sjá um innkaup og val á vöruframboði.

6.5 Birting á samantekt eftirlits

Í lögunum er ekki kveðið sérstaklega á um birtingu á niðurstöðum eftirlitsins. Engu að síður mun Umhverfisstofnun birta samantekt um niðurstöður eftirlits frá undangengnu ári á vefsetri sínu. Þetta er gert í samræmi við upplýsingastefnu og vinnubrögð á öðrum málefnasviðum stofnunarinnar.

Hægt er að nálgast samantekt um eftirlit með einnota plastvörum árið 2022 á vef stofnunarinnar[10] og er áætlað að samantekt fyrir 2023 birtist á sama stað.

Samþykkt á afgreiðslufundi sviðs efna, starfsleyfa og veiðistjórnunar þann 10.07.2023.

[10] Niðurstöður eftirlits með tilteknum plastvörum: https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/plastvorur/nidurstodur-eftirlits/